

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Beth Levin

pianó

Richard Talkowsky

selló

Einar Jóhannesson

klarínetta



þriðjudaginn 11. júní 1991 kl. 20:30

**Beth Levin** er búsett og starfandi í New York. Tólf ára gömul lék hún einleik með Filadelfíuhljómsveitinni og stuttu seinna var hún valin, einn þriggja nemenda, til að læra hjá Rudolph Serkin við The Curtis Institute. Hún vann til verðlauna í alþjóðlegu píanókeppnni í Leeds árið 1978. Hún hefur leikið einleik með fjölda bandarískra sinfóniuhljómsveita og komið fram á tónlistarhátfum þar vestra, svo sem Marlboro, Casals, Harvard, Amherst og Blue Hill hátfðunum og leikið inn á hljómplötur fyrir "Columbia Masterworks"

**Richard Talkowsky** útskrifaðist frá Boston háskóla, þar sem aðalkennari hans var George Neikrug. Hann hefur tekið þátt í tónlistarhátiðnum í Claremont í Kaliforníu, Spoleto á Ítalíu og Carinthia sumarhátfðinni í Villach í Austurríki. Hann var fyrsti sellóleikari í sinfóniuhljómsveitinni í Ecuador árið 1976-1977. Um árabil starfaði hann á Spáni, m.a. í kammersveitinni "Solistes de Catalunya", og var annar leiðandi sellóleikari sinfóniuhljómsveitarinnar í Barcelona á árunum 1981 - 87. Hann starfar nú í Sinfóniuhljómsveit Íslands.

**Einar Jóhannesson** er fyrsti klarinettleikari í Sinfóniuhljómsveit Íslands. Hann lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og hjá Bernard Walton og John McCaw við Konunglega Tónlistarháskólann í London. Hann er félagi í Blásarakvintett Reykjavíkur og kemur auk þess fram sem einleikari víða um lönd. Hann hefur leikið inn á hljómplötur hér heima og erlendis og á næstunni er væntanlegur geisladiskur með leik hans og Philip Jenkins píanóleikara á vegum breska fyrirtækisins Chandos.

Tríó þeirra Einars, Beths og Richards var stofnað á þessu ári með tónleikahald á Íslandi og Spáni í huga. Tríóið mun ferðast um Ísland í júnímánuði og Katalóniuhéruð Spánar í júlí og leika þar á tónlistarhátfum. Á næsta ári eru áformaðar ferðir m.a. til Norður- og Suður-Ameríku.

## Efnisskrá

Ludwig van Beethoven (1770 - 1827)

Trio í B-dúr op. 11

Allegro con brio

Adagio

Tema con variazioni, allegretto

Mikael Ivanovitsj Glinka (1804 - 1857)

Trio pathétique

Allegro moderato

Scherzo vivacissimo - Trio

Largo

Allegro con spirito

Porkell Sigurbjörnsson (f.1938)

Kyrrðardansar(1967)

(Gilsbakkapula, Gaumgæfið kristnir,  
Ólafur reið með björgum fram,  
hitti hann fyrir sér - mig syfjar -  
Abraham með klyfjar,  
með fjaldrapaklyfjar)

Johannes Brahms (1833 - 1897)

Trio í a-moll, op. 114

Allegro

Adagio

Andantino grazioso

Allegro